



Reykjavík, 24. mars 2026
MSS26020028

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þróun P-merktra stæða hjá fjölförnum stöðum miðsvæðis og í miðborginni samkvæmt skráningu í málaskrá

Á fundi borgarráðs, dags. 5. febrúar var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 23. liður fundargerðar borgarráðs, dags. 5. febrúar 2026.

Spurt er um þróun P-merktra stæða hjá fjölförnum stöðum miðsvæðis og í miðborginni. Er haldið utan um fjölda P-merktra stæða? Hvernig hefur fjöldi P-merktra stæða þróast á þessum svæðum? Hver er stefnan þar að baki og hvernig er hún með tilliti til fjölgunar göngugatna eða vistgatna eða bílastæðastefnu borgarinnar almennt?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar samgöngustjóra.

Svar við fyrirspurn:

Teymi landupplýsinga heldur utan um ýmis mál sem tengjast landupplýsingum, s.s. fjölda og staðsetningu bílastæða fyrir hreyfihamlaða. Á því svæði sem afmarkast af borgarhlutunum Skólavörðuholt, Reykjavíkurtjörn, Miðbæ, Þingholt, Skuggahverfi, Hlemmur, Norðurmýri, Tún, Holt og Klambratún eru í dag 146 bílastæði sem merkt eru sem almenn bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Af þessum almennu bílastæðum fyrir hreyfihamlaða eru 87 á borgarlandi og 59 innan lóða, þ.e. hjá fyrirtækjum og stofnunum eins og m.a. Landspítala. Til viðbótar við þessi bílastæði er þónokkur fjöldi bílastæða sem er sérmerktur bílnúmerum handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, sem hafa ekki aðgang að bílastæðum innan lóða. Frá árinu 2021 hafa verið auglýst 26 almenn bílastæði fyrir hreyfihamlaða á því svæði sem nefnt er að ofan, til viðbótar við þau stæði sem eru sérmerkt ákveðnum bifreiðum.

Það svæði sem spurt er um, þ.e. í og við miðborgina, er byggðin hvað elst í Reykjavík og var á þeim tíma minna unnið að því að tryggja bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Af þeim sökum hefur almennum bílastæðum fyrir hreyfihamlaða verið fjölgað umtalsvert á þessu svæði á síðustu árum, í viðleitni við að bæta aðgengi allra að þjónustu, en ekki síður til að heimsækja ættingja og kunningja.



Reykjavík



Á vistgötum er akstur heimilaður, þar eru almennt ekki bílastæði önnur en bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Við endurgerð gatna sem vistgötu er ætíð horft til þess að tryggja viðunandi bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Samkvæmt 1 mgr., 10. gr. umferðarlaga (nr. 77/2019 með áorðnum breytingum) er handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða heimilað að aka á göngugötum. Þar af leiðandi hefur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða almennt ekki verið fækkað eða þau færð þegar götur eru auglýstar sem göngugötur.

Engu að síður hefur verið lögð áhersla á að fjölga bílastæðum fyrir hreyfihamlaða í næsta nágrenni göngugatna. Í þessu ljósi má benda á umferðarskipulag Kvosarinnar, sem samþykkt var á fundi skipulags- og samgönguráðs 18. nóvember 2020, þar sem lagt er til að fjölga bílastæðum fyrir hreyfihamlaða samhliða fjölgun göngugatna á svæðinu.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna
Umhverfis- og skipulagssvið